



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

### STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 07.02.2020

Kl.: 12:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

#### Óvissustig vegna kórónaveiru (2019-nCoV)

##### Lýsing á atburði

Í lok desember 2019 bárust fregnir af alvarlegum lungnasýkingum í Wuhan-borg í Kína. Í kjölfarið var staðfest að um áður óþekkt kórónaveiruaufbrigði er að ræða, sem nú kallast 2019-nCoV. Staðfest er að veiran smitast á milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum.

Á Íslandi er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur inflúensu. Ef svo ber undir má virkja Landsáætlun-sóttvarnir hafna og skipa, og Landsáætlun –alþjóðflugvellir samhliða Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.

Enginn einstaklingur hefur enn sem komið er greinst á Íslandi.

##### Samantekt

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir. [Sjá upplýsingasíðu](#)
- Landspítalinn - smitsjúkdómadeild
- Heilsugæslahöfuðborgarsvæðisins
- Rauði Krossinn
- Landsbjörg
- Heilbrigðisstofnanir
- Heilsuvera
- Læknavaktin
- Flugsamgöngur um alþjóðflugvelli og skipaumferð um skilgreindar hafnir
- Vegagerðin
- Samtök atvinnulífsins og sérstaklega SAF.
- Lyfjastofnun
- Landhelgisgæsla Íslands
- Tollgæslan
- Utanríkisráðuneytið

## Staða mála

### Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 7. febrúar 2020 hefur sýking af völdum 2019-nCoV verið staðfest hjá um 31.503 einstaklingum og um 638 einstaklingar hafa látist (2,0%). Eitt dauðsfall af völdum veirunnar varð á Filippseyjum sem er eina dauðsfallið enn sem komið er utan Kína. Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 1.693 einstaklegar náð sér eftir veikindin.

Tilfelli sem greinst hafa eru frá Kína (31.217), Taívan (16), Taílandi (25), Ástralíu (15), Malasíu (14), Singapúr (30), Japan (86), Suður-Kóreu (24), Víetnam (12), Nepal (1), Filippseyjar (3), Shrilanka (1), Kambodía (1), Indland (3), Sameinuðu arabísku furstadæmin (5), Frakklandi (6), Þýskaland (13), Finnland (1), Ítalía (3), Bretland (3), Rússland (2), Spánn (1), Svíþjóð (1), Belgía (1), Bandaríkjunum (12), Kanada (7). Lang flest tilfelli eru upprunnin í Kína. Af þeim 26 einstaklingum sem greinst hafa í Evrópu hafa 10 smitast innan Þýskalands og einn innan Frakklands. [Sjá tölur yfir þróun mála á vef Sóttvarnastofnunar Evrópu.](#)

### Ísland

- Staða mála er óbreytt. Enginn einstaklingur hefur greinst á Íslandi.
- Á stöðufundi sóttvarnalæknis með áhöfn samhæfingarstöðar almannavarna í morgun var rætt um áframhaldandi aðgerðir hér á landi og leiðir til að koma í veg fyrir að veiran berist hingað til lands.
- Í dag hafa 10 einstaklingar verið rannsakaðir m.t.t. hinnar nýju kórónaveiru og var enginn þeirra með veiruna.
- Í dag mun sóttvarnalæknir eiga fund með Samtökum atvinnulífsins þar sem ræddar verða viðbragðsáætlanir fyrirtækja varðandi órofinn rekstur.
- Haldinn var samráðsfundur með umdæmislæknum sóttvarna og lögreglustjóra allra umdæma. (Fjarfundur). Á fundinum var m.a. rætt hvernig mögulegt er að herða aðgerðir á Keflavíkurlugvelli og á öðrum alþjóðaflugvöllum hér á landi, til að koma í veg fyrir að veiran berist hingað til lands. Ákveðið var að yfirvöld á Keflavíkurlugvelli í samvinnu almannavarnadeild ríkislögreglustjóra kanni betur öll möguleg úrræði á völlum til að lágmarka áhættuna á því að veiran berist hingað til lands.

### Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfir aðgerðir í samstarfi við embætti landlæknis / Sóttvarnalækni  
Almannavarnastig er óbreytt: unnið er á óvissustigi- Landsáætlun um heimsfaraldur influensu.

### Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir

Unnið að samhæfingu aðgerða og leiðbeiningum og efni fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, ferðaþjónustuna og atvinnulífið . Upplýsingar eru uppfærðar og nýjar leiðbeiningar settar inn eftir þörfum. Sjá nánar <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/>

### Landspítalinn

Situr daglega samráðsfundi SVL með samhæfingarstöð. Sýkingavarnadeild hefur sett upp próf til að hreina veiruna. Í dag hafa 10 einstaklingar verið rannsakaðir m.t.t. hinnar nýju kórónaveiru og var enginn þeirra með veiruna.

### Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) / Heilsuvera.is

Umdæmis og svæðislæknar (Umd/Svæ)-SVL á höfuðborgarsvæðinu situr dagl. samráðsfundi með SVL.

### Alþjóðaflugvellir, Keflavík, Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík. Sóttvarnahafnir.

Upplýsingum er miðlað til farþega og starfsmanna. Landhelgisgæslan sendir upplýsingar til erlendra skipa sem eru á leið til hafnar á Íslandi og fer yfir farþegalista ásamt Tollgæslunni.  
SMS til farþega í flugi er lenda í KEF var virkjað 4. febrúar.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



### Ferðapjónustuaðilar

Samráð við Ferðamálastofu sem dreifir upplýsingum í gegn um sína gagnagrunna til ferðapjónustuaðila. SMS, símatextaskilaboð send til farþega sem lenda á Keflavíkurflugvelli. [Leiðbeiningar fyrir framlínustarfsmenn hjá stofnunum og fyrirtækjum](#) er hægt að nálgast á íslensku, ensku spænsku og pólsku [á vef landlæknis](#).

### Heilbrigðisstofnanir og lögregla á landsbyggðinni

Samráðsfundur SVL og lögreglustjóra umdæmanna var haldinn í morgunn.

### Læknavaktin

Símapjónusta 1700. Fyrir erlend símanúmer +354 544-4113. • Símtöl hafa gengið vel. Miðlar upplýsingum og tryggir svörum 24/7. Hafa samráð við HH um að tryggja að gang að vakthafandi lækni á nóttunni. BMT í Fossvogi hefur tekið við slíkum erindum en í faraldri þarf að tryggja vitjun í heimahús allan sólarhringinn.

### Rauði Krossinn

Parfagreining v/einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn í hverju sóttvarnaumdæmi. Unnið í samvinnu við Landspítala. Rauði krossinn veitir sálfélagslegan stuðning við fjölskyldur sem eru í sóttkví. Virkjaður hefur verið samráðshópur áfallahjálpar sem skráir inn upplýsingar í aðgerðagrunn yfir stöðu mála.

### Landsbjörg

Miðlar upplýsingum til ferðamanna á [www.safetravel.is](http://www.safetravel.is). Vinnur að því að skrá nýja aila inn í aðgerðagrunn SAR-EYE.

### Utanríkisráðuneytið.

Hafa sett tilkynningar á samfélagsmiðla (sjá Facebook <https://www.facebook.com/utanrikishjonustan/> ) og vef þar sem Íslendingum í Kína er bent á að skrá sig á netfanginu [help@mfa.is](mailto:help@mfa.is) til að fá sendar upplýsingar. Engin áform eru uppi af hálfu íslenskra stjórnvalda um að flytja Íslendinga heim á skipulegan hátt.

### Lyfjastofnun

Er í samskiptum við Lyfjastofnanir erlendis og fylgist með birgðum nauðsynlegra lyfja.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)